



Íþróttaskóli Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) er samstarfsverkefni HSV, aðildarfélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Íþróttaskólinn er fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Íþróttaskóli HSV leggur áherslu á grunnþjálfun barna ásamt því að þau fái þjálfun í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum aðildarfélaga HSV. Heiðar Birnir Torleifsson er yfirþjálfari og sér um skipulagningu ásamt því að sjá um grunnþjálfun og boltaskóla í 1. og 2. bekk auk grunnþjálfunar í 3. og 4. bekk. Hann heldur einnig utan um þjálfun annarra greina í samstarfi við aðildarfélög HSV.

Iðkendur hafa frjálst val á eftirfarandi greinum sem þýðir að þau geta valið allar íþróttagreinarnar eða einstaka íþróttagreinir allt eftir áhuga og hentugleika.

Grunnþjálfun og boltaskóli eru hvorttveggja tvisvar í viku þ.e. samtals fjórar æfingar. Sundæfingar eru einu sinni í viku.

Skíðaæfingar(gönguskíði, svigskíði og snjóbretti) fara fram þegar aðstæður leyfa á skíðasvæði Ísafjarðar í Tungudal.

Aðeins eitt verð er greitt fyrir hverja önn í íþróttaskóla HSV og eru það kr. 8.900,-

Skráningar fara fram á www.sportabler.com/shop/hsv

Dagatal íþróttaskólans helst í hendur við dagatal Grunnskóla Ísafjarðar.

Markmið skólans eru.

- Fá sem allra flest börn til að iðka íþróttir
- Að fyrstu kynni barna af íþróttaiðkun séu jákvæð
- Að börn fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum
- Að auka gæði þjálfunar
- Lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna
- Auka grunnþjálfunarhluta æfinga, almenna hreyfingu, hreyfiþroska og hreyfigetu.

Frekari upplýsingar hefur Heiðar Birnir Torleifsson á póstfangið ithrottaskoli@hsv.is og í síma 856-0300